

SAMÞYKKTIR HLUTHAFAFUNDAR MAREL HF.

Á hluthafafundi Marel hf. sem haldinn var í höfuðstöðvum félagsins þann 22. nóvember 2018 voru allar tillögur samþykktar samhljóða.

Eftirfarandi eru niðurstöður fundarins:

1. Tillaga um lækun hlutfjár

Hluthafafundur Marel hf. samþykkti að lækka hlutfé félagsins um 52.983.076 kr., úr 735.568.997 kr. í 682.585.921 kr. að nafnverði. Lækkunin verður framkvæmd með lækun á eigin hlutum félagsins sem nema framangreindri fjárhæð, að uppfylltum skilyrðum laga um hlutafélög.

Hluthafafundur samþykkti jafnframt að grein 2.1 í samþykktum félagsins verði breytt til samræmis og verði svohljóðandi:

„Hlutfé félagsins er kr. 682.585.921.“

2. Tillaga um heimild til stjórnar félagsins til þess að setja upp formlega endurkaupaáætlun

Samþykkt var að félaginu verði heimilt að kaupa eigin hluti í félaginu með framkvæmd endurkaupaáætlunar, í skilningi laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, sbr. ákvæði viðauka við reglugerð nr. 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik. Tilgangur endurkaupaáætlunarinnar er tvíþættur; að lækka hlutfé félagsins og að standa við skuldbindingar sem leiða af kaupréttarsamningum við starfsmenn félagsins. Endurkaupaáætlunin verður framkvæmd af óháðum utanaðkomandi aðila, verðbréfafyrirtæki eða lánastofnun, sem tekur þar með allar viðskiptaáákvæðanir er varða kaup á hlutum og tímasetningu kaupanna óháð félaginu. Fjöldi hluta sem keyptur skal samkvæmt endurkaupaáætluninni verður að hámarki 34.129.296 hlutir, en það jafngildir 5% af útgefnu hlutfé félagsins. Kaupin verða framkvæmd í áföngum og í fullu samræmi við ákvæði laga um hlutafélög nr. 2/1995 og viðauka við reglugerð 630/2005 um innherjaupplýsingar og markaðssvik. Víðskipti félagsins með eigin hluti í samræmi við endurkaupaáætlunina skulu tilkynnt í samræmi við gildandi lög. Heimild þessi gildi næstu 18 mánuði frá samþykki.